



**Almenn viðmið og
aðferðafræði vegna
könnunar- og matsferlis hjá
fjármálafyrirtækjum**

43. útgáfa

Janúar 2019



FJÁRMÁLAEFTIRLITID
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Efnisyfirlit

<u>1. Inngangur</u>	<u>53</u>
<u>2. Könnunar- og matsferlið</u>	<u>64</u>
<u>2.1 Almenn</u>	<u>64</u>
<u>2.2 Flokkun fjármálafyrirtækja eftir áhrifavægi</u>	<u>64</u>
<u>2.3 Vöktun lykiláhættumælikvarða</u>	<u>75</u>
<u>2.4 Mat á áhættuþáttum</u>	<u>86</u>
<u>2.4.1 Mat á viðskiptalíkani (áætlun og stefna)</u>	<u>86</u>
<u>2.4.2 Mat á stjórnarháttum og innra eftirliti</u>	<u>96</u>
<u>2.4.3 Mat á áhættuþáttum sem hafa áhrif á eigið fé</u>	<u>97</u>
<u>Útlána-, mótaðila- og samþjöppunaráhætta</u>	<u>97</u>
<u>Markaðsáhætta</u>	<u>108</u>
<u>Fastvaxtaáhætta (IRRBB)</u>	<u>118</u>
<u>Rekstraráhætta</u>	<u>119</u>
<u>2.4.4 Mat á áhættuþáttum sem hafa áhrif á laust fé og fjármögnun</u>	<u>129</u>
<u>2.5 Heildaráhættumat og eftirlitsaðgerðir</u>	<u>1210</u>
<u>2.6 Áhættumatseinkunnir</u>	<u>1311</u>
<u>3. Mat Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf</u>	<u>1311</u>
<u>3.1 Almenn</u>	<u>1311</u>
<u>3.2 Stoð II-R: Mat Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf vegna áhættuþátta</u>	<u>1412</u>
<u>3.2.1 Almenn</u>	<u>1412</u>
<u>3.2.2 Lágmarkskrafa Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn</u>	<u>1613</u>
<u>3.3 Stoð II-G: Mat Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf á álagstímum (e. stressed conditions)</u>	<u>1614</u>
<u>3.4 Eiginfjárauvar</u>	<u>1714</u>
<u>3.5 Heildarkrafa um eiginfjárgrunn og aðgerðir vegna ónógs eigin fjár</u>	<u>1715</u>
<u>3.6 Tilkynning og opinber birting á mati Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf</u>	<u>1916</u>
<u>1. Inngangur</u>	<u>3</u>
<u>2. Könnunar og matsferlið</u>	<u>4</u>
<u>2.1 Almenn</u>	<u>4</u>
<u>2.2 Flokkun fjármálafyrirtækja eftir áhrifavægi</u>	<u>4</u>
<u>2.3 Vöktun lykiláhættumælikvarða</u>	<u>5</u>

2.4 Mat á áhættubáttum.....	6
2.4.1 Mat á viðskiptalíkani (áætlun og stefna).....	6
2.4.2 Mat á stjórnarháttum og innra eftirliti.....	6
2.4.3 Mat á áhættubáttum sem hafa áhrif á eigið fé.....	7
Útlána-, mótaðila- og samþjöppunaráhætta.....	7
Markaðsáhætta.....	8
Fastvaxtaáhætta (IRRBB).....	8
Rekstraráhætta.....	9
2.4.4 Mat á áhættubáttum sem hafa áhrif á laust fé og fjármögnun.....	9
2.5 Heildaráhættumat og eftirlitsaðgerðir.....	10
2.6 Áhættumatseinkunnir.....	11
3. Mat Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf.....	11
3.1 Almenn.....	11
3.2 Stoð II-R: Mat Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf vegna áhættubátta.....	12
3.2.1 Almenn.....	12
3.2.2 Lágmarkskrafa Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn.....	13
3.3 Stoð II-G: Mat Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf vegna álagstíma (e. stressed conditions).....	14
3.4 Eiginfjárauðar.....	15
3.5 Heildarkrafa um eiginfjárgrunn og aðgerðir vegna ónógs eigin fjár.....	15
3.6 Tilkynning og opinber birting á mati Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf.....	17
1. Inngangur.....	3
2. Könnunar- og matsferlið.....	4
2.1 Almenn.....	4
2.2 Flokkun fjármálafyrirtækja eftir áhrifavægi.....	4
2.3 Vöktun lykiláhættumælikvarða.....	5
2.4 Mat á áhættubáttum.....	6
2.4.1 Mat á viðskiptalíkani (áætlun og stefna).....	6
2.4.2 Mat á stjórnarháttum og innra eftirliti.....	6
2.4.3 Mat á áhættubáttum sem hafa áhrif á eigið fé.....	7
Útlána-, mótaðila- og samþjöppunaráhætta.....	7
Markaðsáhætta.....	8
Fastvaxtaáhætta (IRRBB).....	8
Rekstraráhætta.....	9

2.4.4 Mat á áhættubáttum sem hafa áhrif á laust fé og fjármögnun.....	9
2.5 Heildaráhættumat og eftirlitsaðgerðir.....	10
2.6 Áhættumatseinkunnir.....	11
3. Mat Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf.....	11
3.1 Almenn.....	11
3.2 Stoð II-R: Mat Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf vegna áhættubátta.....	12
3.2.1 Almenn.....	12
3.2.2 Lágmarkskrafa Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn.....	13
3.3 Stoð II-G: Mat Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf á álagstímum (e. stressed conditions)....	14
3.4 Eiginfjáraukar.....	14
3.5 Heildarkrafa um eiginfjárgrunn og aðgerðir vegna ónógs eigin fjár.....	15
3.6 Tilkynning og opinber birting á mati Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf.....	16

1. Inngangur

Fjármálafyrirtæki ber að hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu, sbr. 17. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, og meðhöndla áhættuþætti í starfseminni í samræmi við 78. gr. a – 78. gr. i sömu laga. Stjórn og framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis skulu reglulega leggja mat á tegund, dreifingu og fjárhæð eiginfjárþarfar fyrirtækisins með hliðsjón af áhættustigi þess, þ.m.t. áhættu sem felst í, eða getur hlotist af, starfsemi þess, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Fer þetta fram í svonefndu innramatsferli (e. internal capital adequacy assessment process, ICAAP, og internal liquidity adequacy assessment process, ILAAP), sem að jafnaði fer fram árlega, og skal fjármálafyrirtæki gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir matinu.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á þá áhættuþætti sem felast í starfsemi fjármálafyrirtækis í svonefndu könnunar- og matsferli (e. supervisory review and evaluation process, SREP) skv. 80. og 81. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sbr. 86. gr. g sömu laga. Í ferlinu fer Fjármálaeftirlitið einnig yfir það með hvaða hætti fjármálafyrirtæki meðhöndla áhættuþætti í starfsemi sinni, sbr. 79. gr. laga um fjármálafyrirtæki, meðal annars með hliðsjón af ICAAP-skýrslu, og eftir atvikum ILAAP-skýrslu, hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis. Ítarlegt SREP-ferli er framkvæmt árlega, á tveggja ára fresti eða þriggja ára fresti, allt eftir stærð og eðli fjármálafyrirtækisins. Áhættumat fyrir ákveðna lykilþætti er þó ávallt framkvæmt árlega og rýni á lykiláhættumælikvörðum fer fram a.m.k. ársfjórðungslega.

Tilgangur þessara viðmiða er að skilgreina og kynna aðferðafræði og framkvæmd könnunar- og matsferlis Fjármálaeftirlitsins.¹ Aðferðafræðin er í samræmi við viðmiðunarreglur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um könnunar- og matsferli ~~með síðari breytingum sem tóku að fullu gildi innan Evrópusambandsins í ársbyrjun 2016.~~² Viðmiðunarreglur EBA fela í sér ítarlegri lýsingu á aðferðafræði við könnunar- og matsferli sem Fjármálaeftirlitið starfar samkvæmt.

Í kafla 2 er fjallað almennt um aðferðafræði könnunar- og matsferlisins, þar sem fram kemur hvernig fjármálafyrirtæki eru flokkuð eftir áhrifavægi og lýsing á vöktun lykiláhættumælikvarða, mati á einstökum áhættuþáttum, heildaráhættumati, eftirlitsaðgerðum og áhættumats-einkunnum. Þá er í kafla 3 sérstaklega fjallað um mat Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárþörf, eiginfjárauka, aðgerðir vegna ónógs eigin fjár og fleira.

Til viðbótar við þessi almennu viðmið og aðferðafræði hafa verið birtir þrír viðaukar. Í viðaukum 1 og 2 er skýrt frá viðmiðum Fjármálaeftirlitsins (e. supervisory benchmarks) við mat á einstökum áhættuþáttum, annars vegar útlána- og samþjöppunaráhættu³ og hins vegar markaðsáhættu.⁴ Viðauki 3 skýrir frá aðferðum við ákvörðun um eiginfjárouka.⁵ Ekki eru sérstakir viðaukar vegna

¹ Viðmiðin eru til viðbótar upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið hefur birt skv. 116. gr. a laga um fjármálafyrirtæki: <http://www.fme.is/um-fme/gagnsaei-i-efirliti/>.

² Guidelines on common procedures and methodologies for the supervisory review and evaluation process (SREP) and supervisory stress testing (EBA/GL/2014/13 eins og þeim var breytt með EBA/GL/2018/03): <https://www.eba.europa.eu/documents/10180/2282666/Guidelines+on+common+procedures+and+methodologies+for+SREP+and+supervisory+stress+testing+-+Consolidated+version.pdf> <http://www.eba.europa.eu/documents/10180/935249/EBA-GL-2014-13+%28Guidelines+on+SREP+methodologies+and+processes%29.pdf/4b842c7e-3294-4947-94cd-ad7f94405d66>.

³ Annex 1: Supervisory benchmarks for the setting of Pillar 2 additional own funds requirements for credit and concentration risk.

⁴ Annex 2: Supervisory benchmarks for the setting of Pillar 2 additional own funds requirements for market risk.


⁵ Annex 3: Methods for setting capital buffers.

annarra áhættuþátta, s.s. rekstraráhættu þar sem erfitt er að skilgreina mælanleg viðmið um eiginfjárförf fyrir fram. Birting á aðferðafræði og viðmiðum er í samræmi við stefnu Fjármálaeftirlitsins um gagnsæi í starfsemi stofnunarinnar. Ákveðnir þættir í aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins verða ekki gerðir opinberir, svo sem allir lykiláhættumælikvarðar, heildaráhættumatseinkunn og breytur vegna flokkunar á áhrifavægi fjármálafyrirtækja. Að mati stofnunarinnar getur slík birting aukið líkur á eftirlitshögnun (e. regulatory arbitrage) og í einhverjum tilvikum unnið gegn því huglæga mati (e. supervisory judgement) sem liggur að baki könnunar- og matsferlinu.

2. Könnunar- og matsferlið

2.1 Almennt

Könnunar- og matsferli Fjármálaeftirlitsins má skipta upp í nokkra meginþætti, eins og lýst er á mynd 1. Nánar er greint frá einstökum þáttum í köflum 2.2.-2.6.



Mynd 1: Umgjörð könnunar- og matsferlisins (e. SREP framework)

2.2 Flokkun fjármálafyrirtækja eftir áhrifavægi

Fjármálaeftirlitið beitir svonefndri hlutfallsreglu (e. principle of proportionality) í eftirliti sínu með fjármálafyrirtækjum, þ.e. hefur til hliðsjónar eðli, umfang og hversu margþætt starfsemi þeirra er. Í þeim tilgangi hefur Fjármálaeftirlitið skipt fjármálafyrirtækjum í fjóra áhrifavægisflokka.

Flokkun fjármálafyrirtækja eftir áhrifavægi byggir á reiknilíkani, en samkvæmt því fær hvert fjármálafyrirtæki vægi í samræmi við mælanlegar breytur sem Fjármálaeftirlitið hefur skilgreint.

Gildi breytanna er fengið úr reglubundnum gagnaskilum til Fjármálaeftirlitsins, athugunum stofnunarinnar og öðrum upplýsingum sem stofnunin aflar.

Breytur líkansins endurspeglar fimm þætti sem liggja til grundvallar mati á áhrifavægi. Þeir eru: *stærð, innbyrðis tengsl, staðkvæmd, flækjustig og umfang alþjóðlegrar starfsemi.*

Tafla 1: Áhrifavægisflokkun fjármálafyrirtækja

Áhrifavægisflokkun	Lýsing
Hátt áhrifavægi	Fjármálafyrirtæki sem geta ógnað fjármálastöðugleika ef þau lenda í rekstrarerfiðleikum eða rekstrarstöðvun.
Meðalhátt áhrifavægi	Fjármálafyrirtæki sem ógna ekki fjármálastöðugleika ef þau lenda í rekstrarerfiðleikum eða rekstrarstöðvun en geta þó haft töluverð áhrif á hagkerfið og stóran hluta viðskiptavina.
Meðallágt áhrifavægi	Fjármálafyrirtæki sem hafa að jafnaði lítil áhrif á fjármálakerfið ef þau lenda í rekstrarerfiðleikum eða rekstrarstöðvun en gætu haft áhrif á viðskiptavini.
Lágt áhrifavægi	Fjármálafyrirtæki sem hafa óveruleg áhrif á fjármálakerfið ef þau lenda í rekstrarerfiðleikum eða rekstrarstöðvun og lítill hópur viðskiptavina yrði fyrir hugsanlegu tjóni ef það gerðist.

Til að tryggja viðeigandi eftirlit með hverju og einu fjármálafyrirtæki hefur Fjármálaeftirlitið skilgreint grunneftirlitslíkan (e. minimum engagement model) þar sem tegundir eftirlitsverkefna og tíðni þeirra eru tilgreind fyrir hvern áhrifavægisflokk. Grunneftirlitslíkanið segir að jafnaði til um þau verkefni sem talið er að framkvæma þurfi til að viðhalda nauðsynlegri yfirsýn yfir alla áhættuþætti í starfsemi fjármálafyrirtækis. Þannig er mat á helstu áhættuþáttum tíðara hjá fjármálafyrirtækjum með hátt áhrifavægi. Jafnframt er gert ráð fyrir að eðli úttekta og umfang þeirrar vinnu sem lögð er til grundvallar í hverju verkefni ráðist af áhrifavægisflokki og þeirri starfsemi sem fjármálafyrirtækið stundar.

2.3 Vöktun lykiláhættumælikvarða

Fjármálaeftirlitið rýnir lykiláhættumælikvarða (e. key risk indicators) hjá fjármálafyrirtækjum a.m.k. ársfjórðungslega, ásamt því að fylgjast með þróun fjármálamarkaðarins í heild sinni. Vöktun lykiláhættumælikvarða byggir fyrst og fremst á reglubundnum gagnaskilum og getur gefið vísbendingar um þróun áhættu í starfsemi fjármálafyrirtækja á milli athugana og hvaða áhættuþætti þurfi að kanna nánar. Fjármálaeftirlitið endurmetur reglulega þá

lykiláhættumælikvarða sem stofnunin styðst við. Lykiláhættumælikvarðar Fjármálaeftirlitsins byggja m.a. á áhættumælikvörðum sem EBA styðst við á hverjum tíma.⁶

2.4 Mat á áhættuþáttum

Fjármálaeftirlitið framkvæmir áhættumat fyrir helstu áhættuþætti í starfsemi fjármálafyrirtækja. Matið er uppfært með tilliti til lykiláhættumælikvarða að jafnaði ársfjórðungslega, en oftast ef þörf krefur.

Áhættumatið er meðal annars framkvæmt með athugunum og greiningum á gögnum sem geta varpað ljósi á áhættu í rekstri fjármálafyrirtækja og beinast að einstökum áhættuþáttum hjá fleiri en einu fjármálafyrirtæki í senn eða einstökum fjármálafyrirtækjum. Við áhættumatið er meðal annars stuðst við gögn sem skilað er til Fjármálaeftirlitsins með reglubundnum hætti, athuganir á afmörkuðum áhættuþáttum (e. off-site inspections) og vettvangsathuganir (e. on-site inspections).

Mat á einstökum áhættuþáttum byggir á undirliggjandi áhættu (e. inherent risk) og þeirri áhættustýringu (e. risk management and controls) sem er til staðar hjá fjármálafyrirtækinu. Áhættumatinu er þannig ætlað að meta undirliggjandi áhættu í starfsemi fjármálafyrirtækis að teknu tilliti til þeirra aðgerða sem hlutaðeigandi fyrirtæki hefur gripið til og ætlað er að draga úr áhættunni. Í tengslum við mat á einstökum áhættuþáttum eru gefnar áhættumatseinkunnir, sbr. kafla 2.6.

2.4.1 Mat á viðskiptalíkani (áætlun og stefna)

Við greiningu á viðskiptalíkani er lagt mat á þá þætti sem taldir eru ógna lífvænleika⁷ núverandi viðskiptalíkans og sjálfbærni⁸ viðskiptastefnu fjármálafyrirtækis. Viðskiptastefna fjármálafyrirtækis er greind og skoðuð með tilliti til áhættuvilja og rekstrarniðurstöðu þess undanfarin ár. Metið er hvort rekstrar- og efnahagslegar forsendur séu nægilega skýrar og raunhæfar.

Greiningin er unnin út frá viðskiptaáætlun, ICAAP-skýrslu fjármálafyrirtækis, reglubundnum gögnum sem berast til Fjármálaeftirlitsins og öðrum gögnum sem óskað er eftir. Þær upplýsingar eru síðan bornar saman við fyrri athuganir og viðskiptalíkönnun annarra fjármálafyrirtækja. Stuðst er meðal annars við handbók EBA fyrir eftirlitsstofnanir um mat á viðskiptalíkani. Staða fjármálafyrirtækis í viðskiptaumhverfinu er metin, helstu kennitölur greindar og lagt mat á eigindlega og meginlega (e. qualitative and quantitative) þætti viðskiptalíkansins sem og heildarstefnu fjármálafyrirtækisins. Fjármálaeftirlitið kannar einnig hvaða áhrif grunnsviðsmynd álagsprófa hefur á rekstrar- og efnahagsreikning fjármálafyrirtækis og hvort eiginfjárgrunnur þess sé nægur til að mæta heildarkröfu um eiginfjárgrunn (e. overall capital requirement) yfir spátímabilið, sbr. kafla 3.3.⁹

⁶ Umfjöllun um áhættumælikvarða EBA má finna hér: <http://www.eba.europa.eu/risk-analysis-and-data/risk-indicators-guide>.

⁷ Lífvænleiki (e. viability) viðskiptalíkans er geta fjármálafyrirtækis til að ná viðunandi ávöxtun næstu 12 mánuði.

⁸ Sjálfbærni (e. sustainability) viðskiptastefnu er geta fjármálafyrirtækis til að ná viðunandi ávöxtun til framtíðar í a.m.k. þrjú ár, byggt á stefnumótandi áætlunum og fjárhagsspám.

⁹ Sbr. til hliðsjónar leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2015 um bestu framkvæmd við gerð og form álagsprófa fjármálafyrirtækja, sem aðgengileg eru hér: <http://www.fmc.is/log-og-tilmaeli/leidbeinandi-tilmaeli/nr/2349>.

2.4.2 Mat á stjórnarháttum og innra eftirliti

Mat á stjórnarháttum og innra eftirliti felur í sér könnun á því hvort fjármálafyrirtæki fullnægi kröfum sem gerðar eru til góðra stjórnarháttanna og innra eftirlits, og hvort til staðar sé viðeigandi heildstæð umgjörð ~~tt kerfi~~ stjórnarháttanna, áhættustýringar og innra eftirlits með tilliti til áhættustigsáhættuvilja, viðskiptaáætlunar, eðlis, umfangs og starfsemi fjármálafyrirtækis. Við mat á stjórnarháttum og innra eftirliti er horft til þess hvort veikleikar í stjórnarháttum ~~hætti~~ og innra eftirliti skapi áhættu og hafi áhrif á lífvenleika ~~starfsemi~~ og sjálfbærni fjármálafyrirtækis.

Matið tekur til stjórnarháttanna og innra skipulags, fyrirtækja- og áhættumenningar, samsetningar og starfsemi stjórnar, starfskjarastefnu ~~kaupaukakerfis~~ og starfskjarastefnu ~~fyrirtækisins~~, útvistunar, áhættustýringar, innra eftirlits, viðbúnaðaráætlunar og upplýsingatæknikerfa. Hér eru undanskildir ~~þeir~~ þættir áhættustýringar og innra eftirlits sem beinast að einstökum áhættuþáttum eru metnir sérstaklega undir hlutaðeigandi áhættuþætti. Matið er unnið úr upplýsingum í ICAAP-skýrslu, reglubundnum gagnaskilum til Fjármálaeftirlitsins og öðrum ~~innsendum~~ gögnum og upplýsingum, viðtölum við stjórnarmenn, stjórnendur og starfsmenn hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis, svo og vettvangsathugunum. Stuðst er meðal annars við viðmiðunarreglur EBA um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja¹⁰ og aðrar viðurkenndar leiðbeiningar sem varða stjórnarhætti.¹¹

2.4.3 Mat á áhættuþáttum sem hafa áhrif á eigið fé

Áhættugreining fyrir mikilvægustu áhættuþætti í starfsemi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis, sem hafa áhrif á eigið fé, er framkvæmd með kerfisbundnum hætti. Metin er undirliggjandi áhætta, gæði áhættustýringar og virkni eftirlitskerfis sem tengist hverjum áhættuþætti. Fyrir fjármálafyrirtæki eru eftirfarandi áhættuþættir metnir, meðal annars með hliðsjón af reiknaðri eiginfjárförf:

Útlána-, mótaðila- og samþjöppunaráhætta¹²

Fjármálafyrirtæki skal beita eigin aðferðafræði sem gerir því kleift að meta útlána- og mótaðilaáhættu af áhættuskuldbindingum einstakra lántakenda, verðbréfum, verðbréfuðum stöðum og útlánasafni í heild skv. 78. gr. a laga um fjármálafyrirtæki. Þá skal fjármálafyrirtæki einnig meta og stýra samþjöppunaráhættu sem verður til vegna sérhvers mótaðila fyrirtækisins innan sama geira hagkerfisins, á sama landsvæði eða í sömu atvinnugrein skv. 78. gr. c laga um fjármálafyrirtæki. Jafnframt skal fjármálafyrirtæki með skjalfestri stefnu og ferlum, meðhöndla og stýra þeirri áhættu sem verður eftir þegar viðurkenndar aðferðir þess við mildun útlánaáhættu reynast ekki jafnárangursríkar og vænst var, sbr. 78. gr. b laga um fjármálafyrirtæki.

Útlánaáhætta er hættan á tapi af því að lántaki standi ekki við skuldbindingar sínar gagnvart lánveitanda, þ.e. greiði ekki lán sín í samræmi við umsamda skilmála. Með mótaðilaáhættu er átt

¹⁰ [Guidelines on internal governance \(EBA/GL/2017/11\):
https://www.eba.europa.eu/documents/10180/2164689/Guidelines+on+Internal+Governance+%28EBA-GL-2017-11%29_EN.pdf/531e7d72-d8ff-4a24-a69a-c7884fa3e476](https://www.eba.europa.eu/documents/10180/2164689/Guidelines+on+Internal+Governance+%28EBA-GL-2017-11%29_EN.pdf/531e7d72-d8ff-4a24-a69a-c7884fa3e476).

¹¹ [Guidelines on internal governance \(EBA/GL/2017/11\):
https://www.eba.europa.eu/documents/10180/2164689/Guidelines+on+Internal+Governance+%28EBA-GL-2017-11%29_EN.pdf/531e7d72-d8ff-4a24-a69a-c7884fa3e476](https://www.eba.europa.eu/documents/10180/2164689/Guidelines+on+Internal+Governance+%28EBA-GL-2017-11%29_EN.pdf/531e7d72-d8ff-4a24-a69a-c7884fa3e476). Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2016 um innri stjórnarhætti eru aðgengileg hér: <http://www.fme.is/log-og-tilmaeli/leidbeinandi-tilmaeli/nr/2566>.

¹² Sjá frekari upplýsingar í viðauka, Annex 1: Supervisory benchmarks for the setting of Pillar 2 additional own funds requirements for credit and concentration risk.

við hættuna á tapi af því að mótaðili vegna afleiðuviðskipta, verðbréfalána eða endurhverfra verðbréfavíðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar í samræmi við umsamda skilmála. Samþjöppunaráhætta er hættan á tapi vegna ófullnægjandi dreifingar á lánasafni og skiptist í samþjöppun vegna lántaka (e. single name) og geira (e. sector and geographic).

Við mat á útlána- og mótaðilaáhættu fjármálafyrirtækis leggur Fjármálaeftirlitið einkum áherslu á undirliggjandi áhættu og áhættustýringu. Meðal þess sem er til skoðunar er:

- samsetning útlánasafnsins,
- vanskil og meðferð þeirra,
- niðurfærslur og aðferðafræði við hana og
- áhættumildun og áhættustýring.

Við mat á undirliggjandi samþjöppunaráhættu skoðar Fjármálaeftirlitið áhættu sem rekja má til fárra áhættuskuldbindinga eða áhættuskuldbindinga sem hegða sér á svipaðan hátt m.t.t. vanskila og stýringu fjármálafyrirtækis á þeim. Felur matið í sér greiningu á hugsanlegri samfylgni áhættuskuldbindinga, sérstaklega á álagstíma. Við matið er einkum tekin til skoðunar lántakasamþjöppun, geirasamþjöppun og samþjöppun starfsemi á Íslandi eða öðrum landssvæðum, samþjöppun í vöruframboði fjármálafyrirtækis og samþjöppun í tryggingum og ábyrgðum.

Fjármálaeftirlitið kallar reglulega eftir gögnum og upplýsingum um eigið fé og fjárhag fjármálafyrirtækja sem liggja til grundvallar mati stofnunarinnar vegna útlána-, mótaðila- og samþjöppunaráhættu. Fjármálaeftirlitið sækir einnig viðbótarupplýsingar, sem nýtast við mat stofnunarinnar, til dæmis til að sannreyna gögn og upplýsingar frá fjármálafyrirtækjum.

Markaðsáhætta¹³

Fjármálafyrirtæki skal hafa skjalfesta stefnu og ferla til að greina, mæla og stýra öllum verulegum þáttum sem orsaka markaðsáhættu og áhrifum af henni skv. 78. gr. e laga um fjármálafyrirtæki. Markaðsáhætta er hættan á tapi af virði fjármálagerninga sem leiðir af óhagstæðum breytingum á undirliggjandi markaðspáttum.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á undirliggjandi markaðsáhættu fjármálafyrirtækja og stýringu hennar, bæði fyrir veltu- og fjárfestingabók. Þá metur Fjármálaeftirlitið eftirtalda undiráhættuþætti út frá eigin viðmiðum, sem byggja meðal annars á næmni- og VaR-greiningum í samræmi við viðmiðunarreglur EBA:¹⁴

- vaxtaáhætta (e. interest rate risk),
- hlutabréfaáhætta (e. equity risk),
- gjaldeyrisáhætta (e. FX risk) og
- verðtryggingaáhætta (e. inflation indexation risk).

Fjármálaeftirlitið kallar reglulega eftir gögnum og upplýsingum um eigið fé og fjárhag fjármálafyrirtækja sem liggja til grundvallar mati stofnunarinnar vegna markaðsáhættu.

¹³ Sjá frekari útskýringar í viðauka, Annex 2: Supervisory benchmarks for the setting of Pillar 2 additional own funds requirements for market risk.

¹⁴ Guidelines on stressed value at risk (Stressed VaR) (EBA/GL/2012/2):

<https://www.eba.europa.eu/documents/10180/104547/EBA-BS-2012-78--GL-on-Stressed-VaR-.pdf>

Fjármálaeftirlitið aflar einnig viðbótarupplýsinga, sem nýtast við mat stofnunarinnar, til dæmis til að sannreyna gögn og upplýsingar frá fjármálafyrirtækjum.

Fastvaxtaáhætta (IRRBB)

Fjármálafyrirtæki skal greina, meta og stýra áhættu vegna mögulegra vaxtabreytinga sem hafa áhrif á viðskipti þess utan veltubókar skv. 78. gr. f laga um fjármálafyrirtæki.

Fastvaxtaáhætta er hættan á rýrnun á núvirði vaxtaberandi eigna og skulda í fjárfestingarþók vegna óhagstæðra breytinga á markaðsvöxtum.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á gæði stýringar fjármálafyrirtækis á fastvaxtaáhættu. Skoðuð eru áhrif þess að hliðra viðeigandi vaxtakúrfum samhverft upp og niður (ekki er leyfilegt að fara niður fyrir 0% vexti) út líftímann í samræmi við viðmiðunarreglur EBA.¹⁵ Áhrif þessara vaxtahliðrana á núvirði vaxtaberandi eigna og skulda í hverri mynt eru grunnur að áhættumati Fjármálaeftirlitsins fyrir þennan áhættuþátt.

Fjármálaeftirlitið kallar reglulega eftir gögnum og upplýsingum um eigið fé og fjárhag fjármálafyrirtækja sem liggja til grundvallar mati stofnunarinnar vegna fastvaxtaáhættu. Fjármálaeftirlitið aflar einnig viðbótarupplýsinga, sem nýtast við mat stofnunarinnar, til dæmis til að sannreyna gögn og upplýsingar frá fjármálafyrirtækjum.

Rekstraráhætta

Fjármálafyrirtæki skal hafa skjalfesta stefnu og ferla til að meta og stýra rekstraráhættu, þ.m.t. vegna áhættulíkana og fátíðra atburða sem geta haft alvarlegar afleiðingar skv. 78. gr. g laga um fjármálafyrirtæki. Rekstraráhætta er hættan af fjárhagslegu tjóni vegna óviðunandi innri ferla, kerfa og mistaka starfsmanna eða vegna utanaðkomandi atvika.

Undiráhættuþættir rekstraráhættu eru meðal annars:

- hlítningaráhætta (e. compliance risk),
- háttsemisáhætta (e. conduct risk),
- laga- og stjórn málaáhætta (e. legal and political risk),
- áhætta vegna notkunar líkana (e. model risk),
- áhætta vegna upplýsingatæknikerfa (e. information technology risk) og
- orðsporsáhætta (e. reputational risk).

Fjármálaeftirlitið leggur mat á undirliggjandi rekstraráhættu, með áherslu á framangreinda undiráhættuþætti og áhættuþætti sem þykja sérstaklega áhættusamir á hverjum tíma, og stýringu fjármálafyrirtækis á henni.

Fjármálaeftirlitið kallar reglulega eftir gögnum og upplýsingum um eigið fé og fjárhag fjármálafyrirtækja sem liggja til grundvallar mati stofnunarinnar vegna rekstraráhættu. Fjármálaeftirlitið sækir einnig viðbótarupplýsingar, sem nýtast við mat stofnunarinnar, til dæmis til að sannreyna gögn og upplýsingar frá fjármálafyrirtækjum.

¹⁵ Guidelines on the management of interest rate risk arising from non-trading activities (EBA/GL/2015/08): <https://www.eba.europa.eu/documents/10180/1084098/EBA-GL-2015-08+GL+on+the+management+of+interest+rate+risk+.pdf>.

2.4.4 Mat á áhættuþáttum sem hafa áhrif á laust fé og fjármögnun

Fjármálafyrirtæki skulu kappkosta að hafa ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis fylgja, sbr. 83. gr. laga um fjármálafyrirtæki.¹⁶ Þá skal fjármálafyrirtæki hafa áætlanir, stefnu, skjalfesta verkferla, aðferðir og kerfi til að greina, meta, stýra og fylgjast með lausafjár- og fjármögnunaráhættu, sbr. 78. gr. h sömu laga.

Mat Fjármálaeftirlitsins á lausafjár- og fjármögnunarpörf fjármálafyrirtækja er mikilvægur hluti könnunar- og matsferlisins, sbr. 2. mgr. 79. gr. og 2. mgr. 81. gr. laga um fjármálafyrirtæki.¹⁷ Matið byggir á þremur þáttum: í fyrsta lagi mati á stýringu og eftirliti með lausafjár- og fjármögnunaráhættu, í öðru lagi mati á undirliggjandi lausafjáráhættu og í þriðja lagi mati á undirliggjandi fjármögnunaráhættu.

Við mat á stýringu og eftirliti með lausafjár- og fjármögnunaráhættu er meðal annars könnuð lausafjárstefna og lausafjárþolmörk, greining, mæling, stýring og eftirlit og upplýsingagjöf með áhættu, álagspróf, viðbúnaðaráætlanir og fjármögnunaráætlanir.

Við mat á undirliggjandi lausafjáráhættu er meðal annars lagt mat á lausafjárþörf til skamms og meðallangs tíma, lausafjáráhættu innan dags, lausafjäreignir og svigrúm til mótvægisáðgerða og álagspróf eftirlitsstofnana á lausafjáráhættu.

Við mat á undirliggjandi fjármögnunaráhættu er meðal annars lagt mat á samsetningu fjármögnunar, ógn við fjármálastöðugleika vegna samsetningar fjármögnunar, aðgengi að mörkuðum og vænta breytingu á fjármögnunaráhættu með hliðsjón af fjármögnunaráætlun.

Mat Fjármálaeftirlitsins á framangreindum þáttum byggir einkum á leiðbeinandi tilmælum nr. 2/2010 um bestu framkvæmd við lausafjárstýringu fjármálafyrirtækja,¹⁸ innramatsferli fjármálafyrirtækis, sbr. ICAAP-skýrslu, og eftir atvikum ILAAP-skýrslu, reglubundnum gagnaskilum, niðurstöðum vettvangsathugana og öðrum upplýsingum sem kunna að varða lausafjár- og fjármögnunaráhættu og teljast mikilvægar við matið.

Niðurstaða matsins kann að leiða til þess að farið sé fram á bætta stýringu og eftirlit með áhættuþáttunum eða aukningu lausafjäreigna.¹⁹ Niðurstaðan kann einnig að leiða til þess að gerð sé krafa um að lengja í gjalddögum, eigið fé verði aukið, skuldbindingar utan efnahags minnkaðar o.fl.

2.5 Heildaráhættumat og eftirlitsaðgerðir

Í árlegu heildaráhættumati Fjármálaeftirlitsins eru dregnar saman niðurstöður mats á einstökum áhættuþáttum. Heildaráhættumat er framkvæmt fyrir öll fjármálafyrirtæki óháð því hversu oft og

¹⁶ Sbr. einnig reglur nr. 266/2017 um lausafjárhlutfall lánastofnana og reglur nr. 1032/2014 um fjármögnunarhlutfall í erlendum gjaldmiðlum.

¹⁷ Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands viðhafa reglubundna samvinnu vegna eftirlits með lausafjáráhættu fjármálafyrirtækja á grundvelli samstarfssamnings frá 1. desember 2014. Nálágast má samninginn hér: <http://www.fme.is/media/um-fme/Samstarfssamningur.pdf>.

¹⁸ Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2010 um bestu framkvæmd við lausafjárstýringu fjármálafyrirtækja eru aðgengileg hér: <http://www.fme.is/log-og-tilmaeli/leidbeinandi-tilmaeli/nr/921>.

¹⁹ Samkvæmt sérstöku samkomulagi Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um framkvæmd lausafjäreftirlits lánastofnana frá 1. desember 2014 gerir stofnunin, ef ástæða þykir til, tillögu um það til Seðlabankans að setja sértækar lausafjárkröfur.

hversu ítarleg greining hefur farið fram á einstökum áhættuþáttum. Í tengslum við heildaráhættumat er gefin heildaráhættumatseinkunn, sbr. nánar kafla 2.6.

Í kjölfar heildaráhættumats og að undangengnu umræðuferli milli Fjármálaeftirlitsins og hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis eru viðeigandi eftirlitsaðgerðir ákvarðaðar og fjármálafyrirtækið upplýst um kröfur stofnunarinnar um úrbætur. Með viðeigandi eftirlitsaðgerðum er átt við aðgerðir er varða eiginfjárbörf, lausafjárbörf og aðrar eftirlitsaðgerðir. Krafa um úrbætur felur í sér stjórnvaldsákvörðun, sbr. stjórnarsýslulög nr. 37/1993, og er hún tilkynnt fjármálafyrirtæki með formlegum hætti, [sbr. kafla 3.6.](#)

2.6 Áhættumatseinkunnir

Áhættumatseinkunnir, sem bæði eru gefnar fyrir einstaka áhættuþætti og heildaráhættumat, eru nýttar í eftirliti Fjármálaeftirlitsins, meðal annars við forgangsröðun verkefna, og teljast þær hluti af áhættumatskerfi stofnunarinnar. Þær hafa ekki bein áhrif á einstaka kröfur Fjármálaeftirlitsins um úrbætur, t.d. kröfu stofnunarinnar um hærri eiginfjárgrunn, og eru ekki birtar einstökum fjármálafyrirtækjum. Einkunnaskali áhættumats er frá einum upp í fjóra, sbr. töflu 2.

Tafla 2: Áhættumatseinkunnir

Áhættumatseinkunn	Lýsing
1	Lítill áhætta til staðar.
2	Frekar lítil áhætta til staðar í rekstri fjármálafyrirtækis, en möguleiki er til umbóta og mikilvægt að fylgjast með veikleikum í rekstri.
3	Frekar mikil áhætta til staðar í rekstri fjármálafyrirtækis. Nauðsynlegt að beina athygli að hlutaðeigandi fyrirtæki og fara fram á úrbætur.
4	Mikil áhætta í rekstri fjármálafyrirtækis. Nauðsynlegt að grípa inn í og krefjast tafarlausra úrbóta.

Fyrir heildaráhættumat er einnig unnt að gefa einkunnina F, en hún gefur til kynna að fjármálafyrirtæki sé að falli komið eða líklegt til að falla, sem kann að [leiða til beitingar tímanlegra inngrípa](#), sbr. 86. gr. h laga um fjármálafyrirtæki, eða að gripið verði til ráðstafana í samræmi við XII. kafla og VI. ákvæði til bráðabirgða í [sömu lögum](#).

3. Mat Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf

3.1 Almennt

Fjármálaeftirlitið metur eiginfjárbörf með tvenns konar hætti innan stoðar II (e. pillar 2):²⁰

²⁰ Skv. 7. mgr. 86. gr. g laga um fjármálafyrirtæki skal eiginfjárgrunnur vegna stoðar II að lágmarki nema 56,25% af almennu eigin fé þáttar 1 og 75% af eigin fé þáttar 1.

- Mat á eiginfjárbörf vegna áhættuþátta, þ.e. vanmats á undirliggjandi væntri tapsáhættu (e. expected losses) og óvæntrar tapsáhættu (e. unexpected losses) sem ekki er nægjanlega tekið tillit til undir stoð I²¹ miðað við 12 mánaða tímabil (stoð II-R (e. pillar 2 capital requirement)).
- Mat á eiginfjárbörf á álagstímum, þ.e. vegna hugsanlegra áhrifa á álagstímum (e. stressed conditions) sem ekki er nægjanlega tekið tillit til undir stoðum I og II-R eða með viðeigandi eiginfjáraukum (stoð II-G (e. pillar 2 capital guidance)).

3.2 Stoð II-R: Mat Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf vegna áhættuþátta

3.2.1 Almennt

Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki skal eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækja nema að lágmarki 8% af áhættugrunni,²² sbr. 1. mgr. 84. gr. laganna.²³ Stjórn og framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis skulu reglulega leggja mat á tegund, dreifingu og fjárhæð eiginfjárþarfar fyrirtækisins með hliðsjón af áhættustigi þess, þ.m.t. áhættu sem felst í, eða getur hlotist af, starfsemi þess, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Matið fer fram í innramatsferli og skal fjármálafyrirtæki gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir matinu þegar þess er óskað í svonefndri ICAAP-skýrslu.

Fjármálaeftirlitið leggur mat á áhættuþætti sem tengjast eiginfjárbörf fjármálafyrirtækja skv. 79.–81. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sbr. 86. gr. g sömu laga. Við mat Fjármálaeftirlitsins liggja einkum til grundvallar upplýsingar sem fram koma í reglubundnum gagnaskilum fjármálafyrirtækja, einkum ICAAP-skýrslum, ársreikningum og skýrslum innri endurskoðunar. Þá aflar Fjármálaeftirlitið upplýsinga á fundum með fulltrúum fjármálafyrirtækja, með sértækum athugunum og öðrum samskiptum á meðan á ferlinu stendur.

Mat Fjármálaeftirlitsins leiðir til niðurstöðu um það að hve miklu leyti þær ráðstafanir sem hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hefur gripið til séu nægjanlegar, hvort stjórnun sé traust og hvort eiginfjárgrunnur sé fullnægjandi með hliðsjón af þeim áhættuþáttum sem felast í starfseminni. Niðurstaðan getur leitt til þess að Fjármálaeftirlitið neyti heimildar til að mæla fyrir um eftirfarandi eftirlitsaðgerðir skv. 4. mgr. 86. gr. g laga um fjármálafyrirtæki:

- a. hærri eiginfjárgrunn en sem nemur 8% af áhættugrunni, sbr. umfjöllun í kafla 3.2.2,
- b. endurbætur á innri ferlum,
- c. að sett verði fram sérstök áætlun um það hvernig fyrirtækið muni uppfylla kröfur laga þessara auk reglugerða og reglna sem settar eru með stoð í þeim,
- d. niðurfærslu á eignum við útreikning á eiginfjárgrunni,
- e. hömlur á eða takmörkun á starfsemi fjármálafyrirtækis eða, eftir því sem við á, með sölu eigna eða viðskiptaeininga sem skapa aukna áhættu,

²¹ Stoð I er grunnkrafta um eiginfjárgrunn, þ.e. eiginfjárgrunnur sem nemur að lágmarki 8% af áhættugrunni, sbr. 1. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Eiginfjárgrunnur vegna stoðar I skal samsettur af þætti 1, sbr. 84. gr. a og 84. gr. b, þætti 2, sbr. 84. gr. c, og frádráttarliðum skv. 85. gr. Þar af skal almennt eigið fé þáttar 1, eftir frádrátt, nema að lágmarki 4,5% af áhættugrunni og þá skal þáttur 1, eftir frádrátt, nema að lágmarki 6% af áhættugrunni.

²² Áhættugrunnur fjármálafyrirtækja er samtala veginna áhættuþátta, s.s. útlánaáhættu, hlutabréfaáhættu, vaxtaáhættu, gjaldmiðlaáhættu og rekstraráhættu, sem starfsemin felur í sér, sbr. 84. gr. e laga um fjármálafyrirtæki.

²³ Sbr. og reglugerð nr. 233/2017 um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja.

- f. að dregið sé úr áhættu sem starfsemi, viðskiptaafurðir eða kerfi fjármálafyrirtækis felur í sér,
- g. takmörkun á kaupauka við hlutfall af hreinum hagnaði þar sem útgreiðsla þeirra leiðir til ófullnægjandi eiginfjárgrunns,
- h. að hreinn hagnaður verði notaður til að styrkja eiginfjárgrunninn,
- i. að arð- og vaxtagreiðslur til hluthafa, stofnfjáreigenda og fjárfesta skuli takmarkaðar eða bannaðar,
- j. aukin gagnaskil og
- k. sértæka upplýsingagjöf til markaðar.

Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið komið athugasemdum og ábendingum á framfæri í samræmi við 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Við mat á eiginfjárbörf fjármálafyrirtækis til að mæta óvæntu tapi, leggur Fjármálaeftirlitið heildstætt mat á helstu áhættuþætti í rekstri þess á grundvelli fyrirliggjandi gagna, sem eru einkum eftirfarandi:

- ICAAP-skýrsla fjármálafyrirtækis,
- viðmið Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárbörf vegna einstakra áhættuþátta²⁴ og
- önnur gögn sem geta skipt máli, þ.m.t. upplýsingar sem fram koma í eftirliti eða öðrum samskiptum við fjármálafyrirtæki.

Með það að markmiði að auka gæði mats Fjármálaeftirlitsins á áhættuþáttum sem tengjast eiginfjárbörf fjármálafyrirtækja hefur stofnunin sett eigin viðmið fyrir undirþætti einstakra áhættuþátta. Engu að síður er áhersla lögð á að fjármálafyrirtæki þrói og beiti eigin ítarlegri aðferðafræði við mat á undirliggjandi áhættu. Ef Fjármálaeftirlitið telur aðferðafræði fjármálafyrirtækis fullnægjandi og viðeigandi er hún einkum lögð til grundvallar við mat á eiginfjárbörf þess. Telji Fjármálaeftirlitið að viðmið fjármálafyrirtækis séu ekki fullnægjandi eða viðeigandi²⁵ byggir stofnunin mat sitt á eiginfjárbörf fjármálafyrirtækis fremur á eigin viðmiðum. Slíkri niðurstöðu er ekki ætlað að vera grundvöllur að eigin áhættumati fjármálafyrirtækis fyrir undirliggjandi áhættu heldur er brýnt að fyrirtækið framkvæmi eigið mat á þeim áhættuþáttum sem eru í rekstri þess með fullnægjandi hætti.

Í mati Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf fjármálafyrirtækis er ekki tekið tillit til áhættudreifingar og hugsanlegra áhrifa milli einstakra áhættuþátta (e. inter-risk diversification), svo sem á milli útlána- og samþjöppunaráhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu. Á hinn bóginn getur Fjármálaeftirlitið í matinu tekið tillit til áhættudreifingar og áhrifa milli undirþátta einstakra áhættuþátta (e. intra-risk diversification) og lagt heildstætt mat á eiginfjárbörf vegna hvers áhættuþáttar.

Við mat á eiginfjárbörf miðar Fjármálaeftirlitið við fjárhagsupplýsingar um áramót. Þótt endanlegt mat á eiginfjárbörf eiginfjárkröfu liggja fyrir um hálfu ári síðar, er ekki tekið tillit til breytinga á

²⁴ Sjá nánar í viðaukum.

²⁵ Með *fullnægjandi* er átt við hvort aðferðafræðin sé tölfræðilega traust eða skynsamleg. Með *viðeigandi* er átt við hvort aðferðafræðin nái til þeirra áhættuvalda sem skipta mestu máli hverju sinni. Í mati sínu horfir Fjármálaeftirlitið meðal annars til þess hvort aðferðir bankans séu nægilega: ítarlegar, trúverðugar, skiljanlegar og samanburðarhæfar.

bróun einstakra undiráhættubátta, nema heildaráhrif allra undiráhættubátta, leiði til verulegrar hækkunar eða lækkunar á eiginfjárbörf. Þetta gildir um áhættubætti sem hafa áhrif á eigið fé.

3.2.2 Lágmarkskrafa Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn

Með lágmarkskröfu Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn (e. total SREP capital requirement) gagnvart fjármálafyrirtæki er átt við samtöluna af grunnkröfu um eiginfjárgrunn (e. minimum capital requirement), þ.e. eiginfjárgrunnur sem nemur 8% af áhættugrunni skv. 1. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, og viðbótareiginfjárbörf samkvæmt mati stofnunarinnar. Byggir matið á heimild í a-lið 4. mgr. 86. gr. g laganna sem kveður á um að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að mæla fyrir um hærri eiginfjárgrunn en sem nemur 8% af áhættugrunni. Taki Fjármálaeftirlitið slíka ákvörðun ber fjármálafyrirtækinu að hafa á hverjum tíma nægjanlegan eiginfjárgrunn til að mæta þeirri kröfu.

3.3 Stoð II-G: Mat Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf á álagstímum (e. stressed conditions)

Fjármálafyrirtækjum ber að taka mið af eiginfjárbörf á álagstímum við gerð eiginfjáráætlunar (e. capital planning), við áhættustýringu og við gerð ~~viðnámsáætlunar~~ endurbótaáætlunar (e. recovery plan). Auk þess ber þeim að starfa þannig að eiginfjárgrunnur fyrirtækisins sé yfir framangreindu mati á álagstímum.

Fjármálaeftirlitið leggur einnig mat á eiginfjárbörf fjármálafyrirtækis með hliðsjón af hugsanlegum áföllum á álagstímum. Fjármálaeftirlitið byggir matið á niðurstöðum eigin álagsprófa (e. supervisory stress testing). Stofnunin rýnir einnig niðurstöður álagsprófa annarra eftirlitsstofnana og álagsprófa sem fjármálafyrirtæki framkvæmir á grundvelli eigin viðskiptalíkans (e. ICAAP stress test (own scenario)).²⁶

Í álagsprófum Fjármálaeftirlitsins er lagt mat á hvaða áhrif áfallasviðsmyndir (e. adverse scenarios) hafa á hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 (CET1)eiginfjárgrunn fjármálafyrirtækis og hvort eiginfjárgrunnur þess sé fullnægjandi til að mæta lágmarkskröfu Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn og áhættugrunn þess yfir spátímabilið. Einnig er lagt mat á hvaða áhrif álagsprófin hafa á vogunarhlutfall fjármálafyrirtækis (e. leverage ratio).

Fjármálaeftirlitið getur beint því til fjármálafyrirtækis að halda til haga auknu eigin fé á álagstímum (stoð II-G) þegar niðurstöður álagsprófa gefa til kynna að almennt eigið fé þáttar 1 fjármálafyrirtækis geti lækkað umfram það sem verndunarauka~~num~~, sem þess og í sérstökum tilfellum umfram sveiflujöfnunarauka~~num~~, nemur til viðbótar.getur Fjármálaeftirlitið beint því til fjármálafyrirtækisins að halda til haga auknu eigin fé miðað við álagstíma (stoð II-G), sem Stoð II-G er þá ekki er hluti af heildarkröfu um eiginfjárgrunn.²⁷ Þegar Fjármálaeftirlitið leggur mat á

²⁶ Guidelines on institutions' stress testing (EBA/GL/2018/04);

<https://www.eba.europa.eu/documents/10180/2282644/Guidelines+on+institutions+stress+testing+%28EBA-GL-2018-04%29.pdf>. Sbr. til hliðsjónar leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2015 um bestu framkvæmd við gerð og form álagsprófa fjármálafyrirtækja.

²⁷ EBA Pillar 2 Roadmap: <https://www.eba.europa.eu/documents/10180/1814098/EBA+Pillar+2+roadmap.pdf>, og Draft Guidelines on the revised common procedures and methodologies for the supervisory review and evaluation process (SREP) and supervisory stress testing (EBA/CP/2017/18): <https://www.eba.europa.eu/documents/10180/2006890/Consultation+Paper+on+Guidelines+on+common+procedures+and+methodology+for+SREP+%28EBA-CP-2017-18%29.pdf>.

hversu mikið eigið fé fjármálafyrirtækis þarf að vera á álagstímum er tekið tillit til aðgerðaáætlana sem byggja á trúverðugum aðgerðum stjórnenda (e. management actions) og milda áhrif áfallsins á eiginfjárgrunn fyrirtækisins. Lagt er mat á hvert hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 er þegar það er lægst í áfallinu og hver samsetning heildarkröfu um eiginfjárgrunn er á þeim tíma. Slíkt ætlað eiginfjárálág (stoð II-G) kann að vera hærra en stjórnendaauki (e. management buffer), þ.e. eigið fé umfram heildarkröfu um eiginfjárgrunn.

Uppfylli eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækis ekki mat Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf á álagstímum kann það að leiða til frekari aðgerða af hálfu stofnunarinnar, s.s. aukinsnu eftirlitsi eða viðbótareiginfjárkröfu við sérstakar aðstæður (stoð II-R). ~~Slíkt ætlað eiginfjárálág (stoð II-G) kann að vera hærra en stjórnendaauki (e. management buffer), þ.e. eigið fé umfram heildarkröfu um eiginfjárgrunn.~~

3.4 Eiginfjárauðkar

Skv. 86. gr. a laga um fjármálafyrirtæki skal fjármálafyrirtæki til viðbótar við lágmark eiginfjárgrunns viðhalda eftirfarandi eiginfjárauðum í samræmi við 86. gr. b – 86. gr. e:²⁸

- eiginfjárauða vegna kerfisáhættu (e. systemic risk buffer),
- eiginfjárauða fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki (e. capital buffer for other systemically important institutions, O-SII buffer),
- sveiflujöfnunarauða (e. countercyclical capital buffer) og
- verndunarauða (e. capital conservation buffer).

Fjármálaeftirlitinu er annars vegar skylt að kveða á um eiginfjárauða fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki, að undangengnum tilmælum fjármálastöðugleikaráðs og hins vegar er því heimilt að kveða á um eiginfjárauða vegna kerfisáhættu og sveiflujöfnunarauða, að undangengnum tilmælum ráðsins, en verndunarauðinn bætist við eiginfjárkröfur tiltekinnna fjármálafyrirtækja án tilmæla fjármálastöðugleikaráðs eða sérstakrar ákvörðunar stofnunarinnar.²⁹

3.5 Heildarkrafa um eiginfjárgrunn og aðgerðir vegna ónógs eigin fjár

Fullnægi fjármálafyrirtæki ekki heildarkröfu um eiginfjárgrunn (e. overall capital requirement), þ.e. lágmarkskröfu Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn að viðbættri samanlagðri kröfu um eiginfjárauða (e. combined buffer requirement), sbr. 86. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, takmarkast ráðstöfun hagnaðar og útgreiðsla arðs og kaupauka, sbr. reglur nr. 1270/2015 um hámarksútgreiðslufjárhæð og takmarkanir á útgreiðslum fjármálafyrirtækja vegna eiginfjárauða. Auk þess skal stjórn hlutaðeigandi fyrirtækis senda stofnuninni áætlun um verndun eigin fjár skv. 86. gr. f.

Í 4. mgr. 86. gr. b laga um fjármálafyrirtæki er kveðið á um það að ef uppfylli fjármálafyrirtæki uppfyllir ekki kröfu um að viðhalda nægjanlegu eigin fé vegna eiginfjárauða vegna kerfisáhættu og takmarkanir á útgreiðslum skv. 6. mgr. 86. gr. a eru ekki taldar duga til þess að styrkja


²⁸ Til eiginfjárauða er einungis heimilt að telja eiginfjárliði sem teljast til almenns eigin fjár þáttar 1 skv. 84. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, sbr. 86. gr. a sömu laga.

²⁹ Sjá Annex 3: Methods for setting capital buffers.

eiginfjárgrunn fyrirtækisins getur Fjármálaeftirlitið gripið til eftirfarandi aðgerða gagnvart fyrirtækinu:

1. Afturkallað starfsleyfi fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta skv. 10. tölul. 1. mgr. 9. gr.
2. Mælt fyrir um kröfur skv. 4. mgr. 86. gr. g.
3. Aukið kröfur til fjármálafyrirtækis, enda sé um að ræða annars konar fjármálafyrirtæki en þau sem hafa starfsleyfi skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 4. gr., sbr. 6. gr., um að viðhalda lausu fé og/eða auknu hlutfalli þess.
4. Óskað eftir því við Seðlabanka Íslands, í þeim tilvikum þar sem um ræðir fyrirtæki með starfsleyfi skv. 1.–3. tölul. 1. mgr. 4. gr., sbr. 6. gr., að kröfur til fjármálafyrirtækisins um að viðhalda lausu fé og hlutfalli þess verði auknar.

Uppfylli fjármálafyrirtæki ekki lágmarkskröfu Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn, þ.e. eiginfjárgrunn sem nemur 8% af áhættugrunni, sbr. 1. mgr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, og viðbótareiginfjárbörf að mati stofnunarinnar, sbr. a-lið 4. mgr. 86. gr. g sömu laga, ber því að tilkynna stofnuninni um það í samræmi við hefjast hefðbundnar upphafsáðgerðir vegna ónógs eigin fjár, sbr. 86. gr. sömu laga. Í því felst að fjármálafyrirtæki getur haft samkvæmt nánari Fjármálaeftirlitið getur samkvæmt nánari ákvörðun Fjármálaeftirlitsins —veitt fjármálafyrirtæki allt að 6 til 12 mánaða frestuði til að auka eiginfjárgrunn sinn koma eiginfjárgrunni sínum í lögmætt horf. Takist það ekki skal kann starfsleyfi fyrirtækisins að verða afturkallað skv. 9. gr. laga um fjármálafyrirtæki og þá kann kunna tímanleg inngrip, sbr. 86. gr. h sömu laga, eða beiting ákvæða XII. kafla og VI. ákvæði til bráðabirgða í sömu lögum að koma til álita.



Mynd 2: Heildarkrafa um eiginfjárgrunn og samsetning hans, þ.m.t. uppröðun eiginfjárauka

3.6 Tilkynning og opinber birting á mati Fjármálaeftirlitsins á eiginfjárbörf

Fjármálaeftirlitið tilkynnir fjármálafyrirtæki formlega um niðurstöðu könnunar- og matsferlis með ákvörðunarbréfi eftir að hafa veitt tilskilinn andmælarétt, sbr. stjórnsýslulög.

Í bréfinu er lágmarkskrafa Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárgrunn (stoð I og II-R) sundurliðuð eftir helstu áhættuþáttum, sem eru:

- útlána-, mótaðila- og samþjöppunaráhætta,
- markaðs- og fastvaxtaáhætta og
- önnur áhætta, s.s. rekstraráhætta og áhætta vegna dótturfélaga.

Þá eru tilgreindir helstu áhættuvaldar innan hvers áhættuþáttar, að mati Fjármálaeftirlitsins og, eftir atvikum, aðrar eftirlitsaðgerðir skv. 4. mgr. 86. gr. g laga um fjármálafyrirtæki sem stofnunin kann að beita hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki. [Í bréfinu greinir Fjármálaeftirlitið jafnframt frá heildarkröfu um eiginfjárgrunn.](#)

Fjármálaeftirlitið birtir opinberlega, í formi gagnsæistilkynningar,³⁰ helstu niðurstöður könnunar- og matsferlisins á samandregnu formi, þ.m.t. lágmarkskröfu og heildarkröfu um eiginfjárgrunn.

³⁰ Sbr. 9. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins: <https://www.fme.is/media/um-fme/Gagnsaeisstefna-FME-16.4.2014.pdf>.